

Borgarráð
17. ágúst 2018

Málsmeðferðartillaga forsætisnefndar vegna erindis skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til forsætisnefnd, dags. 14. ágúst 2018, varðandi beiðni um viðbrögð forsætisnefndar vegna opinberrar umræðu borgarfulltrúa um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E3132-2017.

Forsætisnefnd hefur borist erindi þar sem óskað við nefndina að hún taki til skoðunar hvort ákveðin ummæli kjörins fulltrúa hafi falið í sér brot á ákvæðum sveitarstjórnarlaga og siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Þá er þess óskað að kannað verði hvort ástæða sé til að leita álits siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga á ummælum einstakra kjörinna fulltrúa um starfsmenn borgarinnar. Forsætisnefnd tekur ekki afstöðu til þeirra álitafna sem fram koma í erindinu, né telur hún ástæðu til að leita álits siðanefndar Sambandsins á því hvort tiltekin ummæli feli í sér brot á siðareglum, enda er það ekki á hendi þeirrar siðanefndar að úrskurða um slíkt miðað við þær leiðbeiningar sem nefndin sjálf hefur gefið út. Nefndin telur rétt að beina því til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga að hún, í samræmi við skipunarbréf sitt, veiti almenn tilmæli varðandi það hvaða sjónarmið kunni að gilda í tilfellum eins og þeim sem hér um ræðir, þegar kjörnir gera störf starfsmanna sveitarfélaga að umtalsefni í opinberri umræðu. Eins leitar forsætisnefnd eftir leiðsögn siðanefndar varðandi það með hvaða hætti sé rétt að hafa umgjörð þeirra mála þegar starfsmenn sveitarfélaga telja kjörna fulltrúa brjóta siðareglur með framferði sínu, eða öfugt.

Greinargerð:

Í siðareglum kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar er ekki kveðið á um hvernig meðhöndla skuli ágreining vegna hugsanlegra brota á siðareglunum. Reykjavíkurborg hefur ekki sett á fót sérstaka siðanefnd og túlkun siðareglna fellur ekki undir verksvið forsætisnefndar miðað við gildandi samþykktir um stjórn Reykjavíkurborgar. Þá liggur fyrir að í því kynningarefni sem siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út kemur fram að hlutverk nefndarinnar sé, m.a. “[að] fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðaregla hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjollun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.”